

22.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

17. gr.

21. gr. sem verður 23. gr. orðast svo:

23.1. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 30. júní 1998.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 177
16. september 1939, með breytingu nr. 268 27. október 1969.**

1. gr.

4. mgr. 3. gr. orðist þannig:

Í rafveitunefnd eiga sæti fimm menn og fimm til vara kosnir af bæjarstjórn.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðjón Axel Guðjónsson.